



Fjölbrautaskóli  
Suðurlands  
Vorönn 2025

ÞÝSK1XA04

|          |                                   |        |    |
|----------|-----------------------------------|--------|----|
| Kennari: | Brynja Ingadóttir (brynja@fsu.is) | Sk.st. | BI |
|----------|-----------------------------------|--------|----|

### Áfangalýsing:

Þar sem þetta er byrjunaráfangi, er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins.

Strax frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í tali, hlustun, ritun og lesskilningi á þýsku.

Áhersla er lögð á réttan þýskan framburð, uppbyggingu orðaforða og að þjálfna grunnatriði málfræðinnar.

Fléttað er inn í kennsluna menningu þýskumælandi landa.

Nemendur læra ...

að heilsa og kveðja á þýsku

að spyrja um líðan og tjá líðan sína á þýsku

að kynna sig og segja frá áhugamálum sínum

að kynna fjölskyldu sína, t.d. aldur, tungumál, þjóðerni, störf og áhugmál

að nota tölurnar á þýsku og t.d. að segja hvenær þau eiga afmæli

að nota orðaforða um tímasetningar, t.d. dagana og tíma dagsins og klukkuna og einnig mánuðina og árstíðirnar.

að lesa einfalda texta sem innihalda algengan orðaforða, sem við kemur þeim sjálfum, umhverfi þeirra og fjölskyldu.

og tjá sig munnlega og skriflega á þýsku með einföldum setningum.

**Áhersla er lögð á að þjálfna nemendur í að tjá sig sem mest á þýsku í töluðu og rituðu máli.**

**Áhersla er lögð á að nemendur beri ábyrgð í námi og temji sér góð vinnubrögð**

**Undanfari:** Enginn

## Námsefni:

- Ýmis konar efni frá kennara
- Lausblaðamappa
- Veforðabækur [www.snara.is](http://www.snara.is), [www.dict.cc](http://www.dict.cc)
- Smáforritið Duolingo
- Próf og gagnvirkar æfingar í Innu.
- Hlustunaræfingar í Innu.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

| Tímabil:                                                           | Viðfangsefni:                                                                                                                                        | Verkefni/Próf:                                                                                                     |
|--------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>15. jan. – 16. feb.</b>                                         | Námáætlun<br>Framburður í þýsku<br>Tölurnar og stafrófið<br>Að heilsa og kveðja<br>Notkun veforðabóka<br>Kynna sig; nafn, aldur,<br>búseta, áhugamál | Hlustunarverkefni<br>Próf í Innu: Orðaforði o.fl.<br>Ritunarverkefni<br>Munnlegt verkefni/próf                     |
| <b>17. feb. – 23. mars</b><br>(Kátir og Flóafár 19.<br>– 21. Mars) | Beyging sagna<br>Spurnarorð<br>Tungumál og þjóðerni<br>Skóli, námsgreinar<br>Starfsheiti                                                             | Próf í Innu: Sagnorð,<br>spurnarorð og orðaforði<br>Ritunarverkefni<br>Hlustunarverkefni<br>Munnlegt verkefni/próf |
| <b>24. mars – 11. apríl</b><br>(Páskafrí 12. – 21.<br>apríl)       | Fjölskyldan<br>Kynna persónu<br>Dagarnir og tímar<br>dagsins<br>Klukkan                                                                              | Próf í Innu: Tímasetningar,<br>orðaforði o.fl.<br>Ritunarverkefni<br>Hlustunarverkefni<br>Munnlegt verkefni/próf   |
| <b>22. apríl – 15. maí.</b>                                        | Matur og máltíðir<br>Fatnaður<br>Árstíðir og veður<br>Heimabærinn                                                                                    | Próf í Innu: Orðaforði o.fl.<br>Ritunarverkefni<br>Hlustunarverkefni<br>Munnlegt verkefni/próf                     |

Í þessum áfanga er símat og ekki lokapróf.

Námsmatið byggir á öllum færnisþáttum tungumálsins; hlustun, lesskilningi, munnlegri færni og ritun.

Próf verða í Innu. Þau eru ætluð til að þjálfa það sem nemendur eru að læra hverju sinni. Nemendur geta endurtekið prófin þar til þeir ná góðri einkunn.

Hlustunarverkefni sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni verða lögð fyrir í Innu.

Ritunarverkefni og munnleg verkefni vinna nemendur og skila úr viðfangsefninu hverju sinni.

Námsefni áfangans er aðgengilegt nemendum í Innu.

**Öllum verkefnablöðum skulu nemendur raða í tímaröð í möppuna.**

**Góð mæting, virk þátttaka í kennslustundum og sjálfstæð vinnubrögð eru lykillinn að árangri í námi.**

#### **Námsmat:**

|                          |     |
|--------------------------|-----|
| Próf í Innu              | 35% |
| Ýmis verkefni og ritun   | 35% |
| Hlustunarverkefni í Innu | 15% |
| Munnleg verkefni/próf    | 15% |

**ATH!**

**Nemendur eiga að fylgjast vel með í Innu.**

**Nemendur sem verða uppvísir að notkun google translate í ritunarverkefnum fá einkunnina 0 fyrir verkefnið.**

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Selfossi, 14. janúar 2025

Brynja Ingadóttir